

# **Skaðabætur**

Ólögfestar reglur og sanngirnissjónarmið  
-BA ritgerð í lögfræði -

Guðrún Ósk Óskarsdóttir

**Lagadeild**  
**Félagsvísindasvið**  
**Umsjónarkennari: Grímur Sigurðsson**  
**Júní 2012**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**



## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur .....	3
2	Stutt ágríp réttarsögulegrar þróunar skaðabótaréttar .....	3
2.1	Inngangur .....	3
2.2	Endurgjaldsrefsingar .....	4
2.3	Niðgöld/Manngjöld .....	4
2.4	Skilið á milli skaðabótaréttar og refsiréttar .....	5
2.5	Skilyrði um sök verður almenn regla um bótaábyrgð .....	5
3	Fjórar reglur um grundvöll skaðabóta .....	5
3.1	Inngangur .....	5
3.2	Sakarreglan .....	6
3.3	Hlutlæg ábyrgð (skaðabótaskylda án sakar) .....	6
3.4	Vinnuveitendaábyrgð .....	7
3.5	Sakarlíkindareglan .....	7
4	Undantekningarreglur, „afbrigðileg” beiting sönnunarreglna og réttlætis- og sanngirnissjónarmið .....	7
4.1	Inngangur .....	7
4.2	Sönnunarreglum beitt með „afbrigðilegum” hætti við beitingu sakarreglunnar .....	8
4.3	Ólögfestum reglum um hlutlæga ábyrgð beitt um álitaefni .....	9
4.4	Vikið frá dómvenju .....	12
5	Tjón .....	15
5.1	Inngangur .....	15
5.2	Inntak tjónshugtaksins .....	15
5.2.1	Skilyrðið um tjón .....	16
5.2.2	Fyrirsjáanlegur kostnaður .....	17
5.2.3	Eignarnámsbætur eru ekki skaðabætur .....	17
6	Lokaorð .....	18
	Heimildaskrá .....	20
	Dómaskrá .....	22

# 1 Inngangur

Þróun skaðabóta er áhugavert og margslungið efni. Yfirferð þessarar ritgerðar hefst á tíma frumbersku skaðabóta og þróun þeirra er fylgt til dagsins í dag. Aðaláhersla er lögð á samspil skaðabóta og refsinga.

Stuttlega verður farið yfir þá fjóra grundvelli sem almennt er miðað við að skaðabótakrafa geti stuðst við og svo verða skoðaðir dómur þar sem niðurstaðan virðist ekki byggja á meginreglum skaðabótaréttar eða þar sem þeim reglum virðist vera beitt með afbrigðilegum hætti til að komast að réttlátri og sanngjarnri niðurstöðu.

Það er almennt viðurkennt að líta á dómvenju sem bindandi réttarheimild en í skaðabótarétti hafa dómstólar þó þurft að víkja frá dómvenju til að gæta sanngirni í síbreytilegu þjóðfélagi.

Það hefur oft vafist fyrir málsaðilum hvert inntak tjónshugtaks skaðabótaréttar sé í raun og litið verður til nokkurra mála sem eiga það sameiginlegt að Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á tjón í lagalegum skilningi.

Það einkennir skaðabótarétt að meginreglur hans eru að miklu leyti ólögfestar og hægt er að halda því fram að regluverk hans sé nú orðið flóknara en í flestum öðrum greinum einkamálaréttarfars. Í lokaorðum verður fjallað um hvaða þýðingu það hefur haft á þróun réttarsviðsins og mikilvægi þess í nútímasamfélagi.

## 2 Stutt ágríp réttarsögulegrar þróunar skaðabótaréttar

### 2.1 Inngangur

Skaðabótaréttur sem sjálfstæð fræðigrein er ekki nema um 150 til 200 ára.<sup>1</sup> Hugtakið skaðabætur (erstatning) var notað í fyrsta sinn í Danmörku af Ludvig Holberg í skrifum hans, *Morals Kierne eller Introduction til Naturens og Folke-Rettens Kundskab*, sem út kom árið 1716.<sup>2</sup> Fram til þess tíma var ekki skilið skýrt á milli skaðabóta og refsinga. Til dæmis má nefna að í Grágás, lögum íslenska þjóðveldisins, voru refsingar og skaðabætur samofnar og fór þá oft meira fyrir reglum varðandi refsingar en reglum um bótaúrræði.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 75.

<sup>2</sup> Stig Jørgensen: „The Decline and Fall of the Law of Torts”, bls. 39.

<sup>3</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 41. 1999.

Það má skipta þróun viðurlagareglna frá upphafi til dagsins í dag í fjögur aðgreinanleg kerfi:<sup>4</sup>

1. Lex talions – endurgjaldsrefsingar
2. Manngjöld/Niðgjöld
3. Refsiábyrgð, afmörkuð frá skaðabótaábyrgð. Skaðabótaábyrgð er í upphafi að mestu byggð á hlutlægum grundvelli en síðar á huglægum ábyrgðarreglum.
4. Nútíma viðurlagakerfi. Fjárhagslegu tjóni er þegar hér er komið sögu oft dreift með verðlagningu á þjónustu og vörur og síðast en ekki síst með váttryggingum.<sup>5</sup>

## 2.2 Endurgjaldsrefsingar

Til forna var venja meðal þjóða að ákveða mönnum viðurlög eftir því tjóni sem þeir höfðu með hegðun sinni valdið. Svo var einnig í íslenskum lögum. Á þessum tíma gildi hið svo nefnda talionslögmál, þ.e. endurgjaldsreglan. Í framkvæmd orkaði lögmálið á þann veg að sá sem olli tjóni þurfti sjálfur að þola samskonar tjón,<sup>6</sup> viðurlög voru í reynd hefndir en ekki bætur. Endurgjaldsrefsingar eru einkennandi fyrir samfélög þar sem ríkisvald er veikt eða jafnvel ótilkomið. Í slíkum samfélögum sáu ættir um að rækja mörg þau hlutverk sem nú eru á höndum ríkisvaldsins.<sup>7</sup>

## 2.3 Niðgjöld/Manngjöld

Þó hefnd virðist stundum því sem næst ómótstæðileg kemur sá tími að samfélög þola ekki lengur það umrót sem hefndum fylgir, á þetta ekki síst við um bændasamfélög.<sup>8</sup> Ef maður varð uppvís að því að verða viljandi manni að bana leiddi það til þess að ættmenn hins látna höfðu rétt til að hefna hans. Brotamaður gat komist hjá hefnd með því að greiða bætur til brotþola.<sup>9</sup> Fyrir minni brot var ekki hefnt heldur líklega greiddar bætur. Líklegt er að greiðsla einhverra tegunda bóta og hefndir hafi tíðkast samhliða.<sup>10</sup> Bótagreiðslur urðu sífellt algengari þegar fram liðu stundir, sérstaklega fyrir minni, og hægt og sígandi leysti kerfi niðgjalda/manngjalda endurgjaldsrefsingar af hólmi.<sup>11</sup>

---

<sup>4</sup> Stig Jørgensen: „The Decline and Fall of the Law of Torts”, bls. 40.

<sup>5</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 75.

<sup>6</sup> Páll Sigurðsson: *Brot úr réttarsögu*, bls. 309.

<sup>7</sup> Einar Arnórsson: „Manngjöld – Niðgjöld”, bls. 173.

<sup>8</sup> Stig Jørgensen: „The Decline and Fall of the Law of Torts”, bls. 41.

<sup>9</sup> Geoffrey MacCormac: „Revenge and Compensation in Early Law”, bls. 72.

<sup>10</sup> Geoffrey MacCormac: „Revenge and Compensation in Early Law” bls. 73.

<sup>11</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 76.

Í Grágás er víða getið réttarvörsluathafna vegna lögbrots sem teljast vafalaust til bótavörslu en önnur fémunaviðurlög sem við afbrotum lágu voru bæði tengd bótavörslu og refsivörslu.<sup>12</sup> Viðurlög gátu verið lögð á mann án þess að sá sem þeim var beitt gegn hefði brotið af sér á saknæman hátt, þ.e. reglur um hlutlæga ábyrgð giltu.<sup>13</sup>

## 2.4 Skilið á milli skaðabótaréttar og refsiréttar

Í kjölfar þess að ríkisvaldi fór að vaxa fiskur um hrygg og það tók að knýja fram viðurlög lagðist það smám saman af að viðurlögum væri aðeins framfylgt þegar einstaklingur sem brotið hafði verið á leitaði eftir því að það yrði gert.<sup>14</sup> Skilin milli skaðabóta og refsinga urðu sífellt skarpari<sup>15</sup> og talið er að sú þróun hafi verið komin vel af stað í Danmörku þegar Dönskulög Kristjáns V voru lögtekin árið 1683. Kerfi manngjalda/niðgjalda var þó í grunninn viðhaldið í Dönskulögnum, en skilið var á milli reglna um refsingar og reglna sem lutu einungis að skaðabótum. Enn skipti huglæg afstaða brotamanns ekki máli við ákvörðun skaðabóta.<sup>16</sup>

## 2.5 Skilyrði um sök verður almenn regla um bótaábyrgð

Í Danmörku varð reglan um sök almenn regla um grundvöll skaðabótaábyrgðar rétt fyrir miðja átjándu öld.<sup>17</sup> Á nítjándu öld styrktist sakarreglan og halda má því fram að hún hafi verið orðin alls ráðandi á síðari hluta aldarinnar.<sup>18</sup>

# 3 Fjórar reglur um grundvöll skaðabóta

## 3.1 Inngangur

Halda má því fram að meginhlutverk skaðabótaréttar sé að veita bætur.<sup>19</sup> Skaðabætur eiga að bæta tjónþola tjón hans með peningagreiðslu.<sup>20</sup> Til skaðabótaábyrgðar getur ekki komið nema að fyrir liggi að fullnægt sé þeim skilyrðum sem við eiga samkvæmt reglu þeirri sem gildir um bótagrundvöllinn í hverju tilviki. Þegar til álita kemur að tjón sé skaðabótaskyld er yfirleitt

---

<sup>12</sup> Lúðvík Ingvarsson: *Refsingar á Íslandi*, bls. 8.

<sup>13</sup> Lúðvík Ingvarsson: *Refsingar á Íslandi*, bls. 13.

<sup>14</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 76.

<sup>15</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 48. 1999.

<sup>16</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 77.

<sup>17</sup> Stig Jørgensen: „The Decline and Fall of the Law of Torts”, bls. 43.

<sup>18</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 77.

<sup>19</sup> Jan Hellner og Svante Johansson: *Skadeståndsrätt*, bls. 37.

<sup>20</sup> Jan Hellner og Svante Johansson: *Skadeståndsrätt*, bls. 37.

miðað við að fjórar reglur komi til greina um bótagrundvöllinn. Þessar reglur eru: sakarreglan, reglan um hlutlæga ábyrgð, reglan um vinnuveitendaábyrgð og sakarlíkindareglan.<sup>21</sup>

### 3.2 Sakarreglan

Meginregla íslensks skaðabótaréttar um bótagrundvöll er hin svonefnda sakarregla eða hin almenna sakarregla eins og hún hefur einnig verið nefnd. Rekja má upphaf reglunnar allt aftur til hins forna rómverska réttar (*lex aquiliae*). Sakarreglan ruddi sér til rúms á Norðurlöndum á nítjándu öld og leysti af hólmi mun hlutlægari bótareglur.<sup>22</sup> Samkvæmt sakarreglunni skal sá sem valdið hefur öðrum manni tjóni með ólögmætum og saknæmum hætti bæta tjónþolanum það tjón sem telja má sennilega afleiðingu af athöfn eða athafnaleysi tjónvalds. Þegar deilt er um hvort til skaðabótaábyrgðar hafi stofnast á grundvelli sakarreglunnar reynir mest á það hvort tjónvaldur sé talinn hafa sýnt af sér ólögmæta og saknæma háttsemi.<sup>23</sup>

Sakarreglan er enn ólögfest og er hún ein af mikilvægum reglum sem ekki hafa verið festar í lög. Þótt reglan sé ekki lögfest hefur henni verið beitt svo lengi af dómstólum að ekki getur leikið neinn vafi á um efni hennar.<sup>24</sup>

### 3.3 Hlutlæg ábyrgð (skaðabótaskylda án sakar)

Þegar aðrar reglur en sakarreglan eiga við um bótagrundvöllinn er talað um víðtæka ábyrgð.<sup>25</sup> Víðtækust reglna um bótagrundvöll í skaðabótarétti er reglan um hlutlæga ábyrgð (hrein hlutlæg ábyrgð). Skaðabótaskylda stofnast samkvæmt reglunni þótt enginn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Orsakasamband verður skilyrðislaust að vera á milli þeirrar háttsemi sem hlutlæga ábyrgðin tekur til og tjónsins sem orðið hefur.<sup>26</sup>

Það er mjög fátítt að Hæstiréttur dæmi skaðabótaábyrgð á hlutlægum grundvelli án þess að til þess sé bein lagaheimild. Þó voru nokkur tilvik á árunum fyrir 1970 þar sem niðurstaða Hæstaréttar var ótvírætt byggð á hlutlægrri ábyrgð. Það er ríkjandi meginregla í íslenskum skaðabótarétti að ábyrgð án sakar, þ.e. hlutlæg ábyrgð, er ekki dæmd án skýrrar lagaheimildar.<sup>27</sup>

---

<sup>21</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 137.

<sup>22</sup> Gizur Bergsteinsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti”, bls. 89. Gizur nefnir regluna hér gáleysisregluna. Einnig hefur reglan verið nefnd culpareglan en ég mun hér halda mig við heitið sakarreglan.

<sup>23</sup> Sigríður Logadóttir: *Lög á bók*, bls. 405.

<sup>24</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 57. 1999.

<sup>25</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 221.

<sup>26</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 222.

<sup>27</sup> Sigríður Logadóttir: *Lög á bók*, bls. 415.

### 3.4 Vinnuveitendaábyrgð

Í Dönskulögunum er mælt svo fyrir að sé þjóni eða öðrum falið umboð af húsbónda sínum til að framkvæma eitthvað skuli húsbóndinn vera ábyrgur vegna mistaka sem kunna að verða vegna starfars.<sup>28</sup> Þessi almenna regla varðandi ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum unnum af starfsmönnum hans er í fullu gildi í íslenskum rétti í dag. Reglan um vinnuveitendaábyrgð er ólögfest en óumdeilanleg í skaðabótarétti. Reglan um vinnuveitendaábyrgð er ein mikilvægasta reglan um bótagrundvöll í íslenskum skaðabótarétti og var henni fyrst beitt af Hæstarétti, svo víst sé, í kringum 1940.<sup>29</sup>

Vinnuveitendaábyrgð felur í sér þrjú megin skilyrði. Bótaábyrgð getur ekki fallið á vinnuveitanda nema tjón verði rakið til sakar starfsmanns. Tjóni verður að hafa verið valdið við framkvæmd starfars og sambandi vinnuveitanda og starfsmanns verður að vera þannig háttáð að vinnuveitandinn hafi boðvald (húsbóndavald) yfir starfsmanninum.<sup>30</sup>

### 3.5 Sakarlíkindareglan

Þegar sönnunarreglum sakarreglunnar er snúið við þannig að tjónvaldur ber sönnunarbyrðina fyrir því að háttsemi sem tjóni olli hafi ekki verið saknæm<sup>31</sup> er stuðst við sakarlíkindaregluna um sönnun á bótagrundvelli.<sup>32</sup> Það er vart hægt að halda því fram að sakarlíkindareglan sé sjálfstæð regla um bótagrundvöll því segja má að efnislega sé hún eitt afbrigði sakarreglunnar þar sem sönnunarbyrði um saknæmi er skipað með sérstökum hætti.<sup>33</sup> Með sakarlíkindareglunni er vikið frá reglunni um að tjónþoli verði að sanna að tjón hans megi rekja til sakar tjónvalds, m.ö.o. sönnunarbyrðinni er snúið við.<sup>34</sup>

## 4 Undantekningarreglur, „afbrigðileg” beiting sönnunarreglna og réttlætis- og sanngirnissjónarmið

### 4.1 Inngangur

Það er sérstakt við skaðabótarétt að meginreglur hans eru flestar ólögbundnar. Dómstólar haft oft þurft að horfast í augu við það að niðurstaða samkvæmt hinum hefðbundnu reglum skaðabótaréttar myndi verða óviðunandi og ósanngjörn og hafa þá mótað ný afbrigði eldri

<sup>28</sup> Gizur Bergsteinsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti”, bls. 101.

<sup>29</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 255.

<sup>30</sup> Sigríður Logadóttir: *Lög á bók*, bls. 411.

<sup>31</sup> A. Vinding Kruse: *Erstatningsretten*, bls. 169

<sup>32</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 307.

<sup>33</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 308.

<sup>34</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 105. 1999.



reglna eða nýjar reglur til að geta reist sanngjarna og eðlilega niðurstöðu á.<sup>35</sup> Sem dæmi um þetta má nefna að dómstólar dæmdu lengi bætur vegna kostnaðar við útför þó ekki hafi verið til þess bein heimild í lögum.<sup>36</sup> Þessar ólögfestu reglur hafa mótast smám saman í kenningum fræðimanna og úrlausnum dómstóla og þegar ekki hefur verið við aðrar réttarheimildir að styðjast hafa dómstólar skorið úr vafamálum eftir réttlægri réttarheimildunum, eðli máls og meginreglum laga.<sup>37</sup>

## 4.2 Sönnunarreglum beitt með „afbrigðilegum“ hætti við beitingu sakarreglunnar

Almenna reglan í skaðabótarétti er að tjónþoli þarf að sanna eftirfarandi atriði:

1. Að hann hafi orðið fyrir tjóni.
2. Að tjónið hafi orðið vegna háttsemi sem sé skaðabótaskyld að lögum.
3. Að tjónið sé afleiðing þeirrar háttsemi.<sup>38</sup>

Síðustu áratugi hafa dómstólar í ríkari mæli dæmt skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar og náð þannig að gera ábyrgðina strangari án þess að beita víðtækum ábyrgðarreglum. Þetta hefur meðal annars verið gert með því að beita sönnunarreglum með öðrum hætti en gert er að meginstefnu.<sup>39</sup> Ein af ástæðum þess að dómari slakar á kröfum um sönnun eða beitir sönnunarreglum með „afbrigðilegum“ hætti getur verið sú að hann telji að varnaraðili í skaðabótamáli eigi að bera víðtækari ábyrgð en hann gerir samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.<sup>40</sup> Í *Hrd. 25. febrúar 2010* hafði tjónþoli höfðað mál á hendur Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi og krafðist skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna loftmengunar. Atvik málsins voru þau að Á hf. ræsti sýruverksmiðju sína í Gufunesi nálægt heimili tjónþola en við ræsinguna var hleypt út ammoníaki í formi heittrar gufu. Talið var að tjónþoli hefði leitt í ljós að starfsmenn Á hf. hefðu sýnt af sér saknæma vanrækslu er þeir létu undir höfuð leggjast að vara hann við losun ammoníaks og annarra lofttegunda og gáfu rangar upplýsingar í kjölfar þess að tjónþoli kvartaði fyrst um loftmengun. Á hf. hefði mátt sjá fyrir að þessar afleiðingar gætu orðið af hinni saknæmu háttsemi starfsmanna hennar og teldust þær því sennilegar. Fallist var á skaðabótaábyrgð Á hf. og tjónþola dæmdar bætur fyrir varanlegan miska og varanlega örorku. Í málinu féllst Hæstiréttur á bótaábyrgð Á hf. þar sem dómurinn taldi tjónþola hafa tekist að sýna fram á saknæma hegðun starfsmanna Á hf. sem valdið hefði því að tjónþoli hefði orðið

<sup>35</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 35.

<sup>36</sup> Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3652.

<sup>37</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 16. 1999.

<sup>38</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 120. 1988.

<sup>39</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 215-216.

<sup>40</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 124. 1988.

fyrir varanlegum skaða á öndunarfærum. Hæstiréttur dæmdi tjónþola bætur í þessu máli jafnvel þótt vitað væri að tjónþoli hefði reykt vindlinga í yfir tuttugu ár. Samkvæmt almennum reglum um sönnun ætti það ekki að duga til sakfellingar að tjónþoli sýni einungis fram á saknæma háttsemi tjónvalds.

Oft hefur verið slakað á kröfum til tjónþola um að hann sanni að tjóni hans hafi verið valdið með saknæmri háttsemi. Í *hrd.* 2000, bls. 3359 var framburður tjónþola lagður til grundvallar um atvik að slysi og um saknæmi vinnuveitanda hans. Vinnuveitandinn hafði vanrækt að tilkynna um slysið og tryggja rannsókn á málsatvikum þótt hann hafi verið skyldugur til þess að lögum. Í þessu máli var því slakað á sönnunarkröfum gagnvart tjónþolanum.

### 4.3 Ólögfestum reglum um hlutlæga ábyrgð beitt um álitaefni

Ólögfest hlutlæg ábyrgð er ábyrgð án sakar og í næstum öllum löndum þar sem skaðabótaréttur hefur náð að þróast hefur verið lögð rík áhersla á að finna rök sem styðja notkun hennar.<sup>41</sup> Segja má að hugtakið hafi tekið að þróast í réttarframkvæmd um miðja nítjándu öld og árið 1866 dæmdi Hæstiréttur Noregs skaðabótaábyrgð á grundvelli ólögfestrar hlutlægrar ábyrgðar í fyrsta sinn í dóminum *Rt. 1866 s. 735*.<sup>42</sup>

Árið 1914 kom danski lögfæðingurinn Henry Ussing fram með kenningar sínar varðandi hlutlæga skaðabótaábyrgð þegar um sérstaklega hættulega og óvenjulega starfsemi er að ræða.<sup>43</sup> Það ríkir almenn samstaða um það að kenningar Ussing hafi haft markverð áhrif á réttarþróunina á Norðurlöndun.<sup>44</sup> Stundum er sérstaklega vísað til þess í dómum að starfsemi sé hættuleg og ljóst sé að það hafi þýðingu við úrlausn um skaðabótaábyrgð.<sup>45</sup> Í sænskum rétti hefur ólögfestum reglum um hlutlæga ábyrgð einungis verið beitt í örfáum tilvikum.<sup>46</sup>

Ekki verður talið að hér á landi gildi almenn regla um hlutlæga ábyrgð vegna tjóns í hættulegum atvinnurekstri eða af völdum hættulegra tækja.<sup>47</sup> Dómsniðurstaða hefur þó í undantekningartilvikum verið á því reist ásamt öðrum röksemdum.<sup>48</sup>

*Hrd.* 1953, bls. 617. Þrír menn létust er sprenging varð í geymum skips sem þeir unnu við. Eftirlifandi eiginkona eins þeirra krafðist bóta vegna missis framfæranda. Í héraðsdómi var

---

<sup>41</sup> Jan Hellner og Svante Johansson: *Skadeståndsrätt*, bls. 170.

<sup>42</sup> Nils Nygaard: *Skade og ansvar*, bls. 248.

<sup>43</sup> Stig Jørgensen og Jørgen Nørgaard: *Erstatningsret*, bls. 77.

<sup>44</sup> Jan Hellner og Svante Johansson: *Skadeståndsrätt*, bls. 170.

<sup>45</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 248.

<sup>46</sup> Jan Hellner og Svante Johansson: *Skadeståndsrätt*, bls. 178.

<sup>47</sup> Arnaldur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 116. 1999.

<sup>48</sup> Viðar Már Matthíasson. *Skaðabótaréttur*, bls. 226.

fallist á skaðabótaábyrgð útgerðarinnar með þeim rökstuðningi að hvorki væri sannað að umbúnaði skipsins, óvarkárni manna né saknæmri háttsemi tjónþola væri um að kenna. Að þessu athuguðu og vegna sérstakra hættueiginleika starfans þótti eðlilegt að leggja bótaábyrgð á vinnuveitandann. Niðurstaðan var staðfest í Hæstarétti að viðbættum þeim rökum að rekja mætti tjónið til einhverrar bilunar í tækjum eða galla eða mistaka og ekki yrði talið sannað að skipverjar hafi átt þar sök í máli. Dómurinn tekur undir þá röksemd héraðsdóms að um hættulega starfsemi sé að ræða og því sé eðlilegt að leggja bótaábyrgð á vinnuveitandann.

Af forsendum héraðsdóms verður ráðið að niðurstaðan sé reist á ólögfestri reglu um hlutlæga ábyrgð með vísan til þess hve hættuleg starfsemi er. Forsendur Hæstaréttar eru aftur á móti óljósari og ekki hægt að fullyrða að þær byggist á ólögfestri hlutlægri ábyrgðarreglu.<sup>49</sup> Við mat á því hvort rýmka eigi skaðabótaábyrgð í ákveðnu tilviki með því t.d. að beita ólögfestum reglum um hlutlæga ábyrgð hefur meðal annars verið stuðst við þau rök að hlutlægar ábyrgðarreglur feli í sér réttlæti fyrir tjónþola.<sup>50</sup>

Í dóminum hér að ofan var ekki hægt að benda á ákveðinn eða líklegan tjónvald sem ætti sök á slysinu og því hvorki mögulegt að dæma tjónþola bætur á grundvelli sakarreglunnar né reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Hægt er að halda því fram að Hæstiréttur beiti hér meðal annars kenningum Ussings um hættulega starfsemi sem höfðu hlotið meiri hljómgrunn í dómaframkvæmd á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega í Noregi.<sup>51</sup> Á Íslandi byggðist réttur til bóta vegna missis framfæranda almennt á ólögfestum reglum þar til skaðabótalögin nr. 50/1993 tóku gildi.<sup>52</sup> Þó má benda á 304. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 þar sem sök er gerð að skilyrði réttar til bóta vegna missis framfæranda.<sup>53</sup> Ekki er fjallað um þessi skilyrði í lögum nr. 19/1940 sem leystu fyrrnefndu lögin af hólmi.<sup>54</sup>

Það gerist ekki oft að dómstólar leggi hlutlæga ábyrgð á menn án þess að til þess sé bein lagaheimild.<sup>55</sup> Þótt það geti falið í sér réttlæti fyrir tjónþola að beita ólögfestri hlutlægri ábyrgðarreglu um tjón sem hann hefur orðið fyrir þá geta sömu reglur verið mjög ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda. Einnig eru oft fyrir hendi önnur réttlátari úrræði, svo sem slysatrygging.<sup>56</sup> Þessar röksemdir styðja dómar eins og *Hrd. 1953, bls. 427*. Ung stúlka slasaðist illa við vinnu sína í hraðfrystihúsi og var henni í kjölfarið metin 45% varanleg

---

<sup>49</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 241.

<sup>50</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 227.

<sup>51</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 224.

<sup>52</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 338.

<sup>53</sup> Stjt. 1864-69, bls. 712.

<sup>54</sup> Alþt. 1941, A-deild, bls. 303-322.

<sup>55</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 115. 1999.

<sup>56</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 227.

örorka. Í málatilbúnaði vegna slyssins byggði stefnandi kröfur sínar meðal annars á því að um hættulegan atvinnurekstur hafi verið að ræða og hefði stefndi borið ábyrgð á slysinu eftir reglum um ábyrgð á slíkum atvinnurekstri. Í niðurstöðum héraðsdóms sem staðfestar voru í Hæstarétti er ekki minnst á þessa málsástæðu stefnanda. Við ákvörðun dómsins um sakfellingu er litið til ungs aldurs tjónþola, þess að verkstjóri vissi af hættunni en varaði ekki við henni og síðast en ekki síst til laga og reglugerða um öryggi á vinnustöðum. [Sjá um það sama t.d. *Hrd. 1962, bls. 823, Hrd. 1973, bls. 435, Hrd. 1977, bls. 1244, Hrd. 1987, bls. 755 og Hrd. 1993, bls. 537.*]

Reglan um bótaskyldu vegna bilunar eða galla í tæki er ótvírætt ströng þar sem bótaábyrgð er felld á aðila án þess að hann geti mögulega vitað af biluninni eða gallanum fyrr en tjón hefur orðið.<sup>57</sup> Árin 1968 og 1970 féllu alls þrír dómur í Hæstarétti Íslands þar sem niðurstaðan er byggð á ólögfestum reglum um hlutlæga ábyrgð en þessum málum er það öllum sameiginlegt að vera tilkomin vegna vinnuslysa sem talin eru verða rakin til galla eða bilunar í tæki.<sup>58</sup>

Í *hrd. 1968, bls. 105* voru málsatvik með þeim hætti að starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins hafði slasast þegar hann féll til jarðar ofan úr rafmagnsstaur. Þótti sannað að lás á öryggisbelti sem hann notaðist við í starfi sínu hefði opnast vegna smíðagalla. Tekið er fram í dóminum að tjónþoli hafi ekki getað vitað af gallanum. Af hálfu stefnanda var ábyrgð stefnda meðal annars byggð á því að atvinnurekstur sá sem stefndi annaðist og stefnandi starfaði við hafi verið stórhættulegur. Bæri stefnda því að bæta stefnanda allt það tjón sem hann hafði orðið fyrir af völdum slyssins. Í niðurstöðum dómsins er ekki minnst á þessa röksemd stefnanda en talið er að vinnuveitandi tjónþola verði að bera ábyrgð á því að slíkt öryggistæki sé ekki haldið leyndum galla. Ábyrgð af tjóni stefnanda er því lögð á vinnuveitanda hans.

Í *hrd. 1970, bls. 434* slasaðist tjónþoli mjög alvarlega við vinnu sína í fiskvinnsluhúsi þegar hönd hans dróst inn í hausunarvél. Talið var að orsök slyssins mætti helst rekja til þess að stopprofi við vélina hafi verið bilaður. Í dómi Hæstaréttar er það talið sannað að tjónþoli hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Síðar í dóminum segir að stopprofi vélarinnar hafi verið bilaður og að rekja megi slysið til þess vanbúnaðar og beri vinnuveitandi tjónþola því fulla ábyrgð á tjóni hans.

Í *hrd. 1970, bls. 544* hafði starfsmaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli slasast alvarlega þegar bifreið vinnuveitanda hans, sem tjónþoli ók, valt. Í forsendum Hæstaréttar segir meðal

---

<sup>57</sup> Arnljótur Björnsson: „Bótaábyrgð heilbrigðisstétta og sjúkrastofnanna”, bls. 236.

<sup>58</sup> Arnljótur Björnsson: „Bótaskylda án sakar”, bls. 29. 1999.

annars að telja megi í ljós leitt að slysið hafi orðið vegna bilunar í stýrisbúnaði bifreiðarinnar sem hafi verið atvinnutæki tjónþola sem starfaði í þjónustu varnarliðsins. Var varnarliðið talið bera ábyrgð á bifreiðinni og þar af leiðandi á tjóni starfsmannsins.

Þessir þrír dómur eru vísbending um vilja Hæstaréttar til að beita víðtækari ábyrgðarreglum en sakarreglunni þegar þörf er á að þeirra mati<sup>59</sup> og eru forsendur og niðurstöður þeirra taldar vera í samræmi við kenningar fræðimanna og dómaframkvæmd á hinum Norðurlöndunum.<sup>60</sup>

#### 4.4 Vikið frá dómvenju

Dómstólar móta dómvenju þegar fordæmi eru ítrekuð. Þetta á meðal annars við í skaðabótarétti.<sup>61</sup> Íslenskum dómstólum, þar með talið Hæstarétti, ber að fylgja fyrri fordæmum réttarins, að nokkrum skilyrðum uppfylltum, þar á meðal að fordæmi sé ekki tilkomið fyrir mistök eða að sérstök rök leiði til annars.<sup>62</sup>

Samþykki og áhættutaka teljast bæði til hinna hlutrænu ábyrgðarleysisástæðna og hafa þessi réttarúrræði almennt sömu réttaráhrif í för með sér, það er algert brottfall skaðabótaábyrgðar.<sup>63</sup> Þegar maður hefur veitt samþykki sitt fyrir því að verða fyrir ákveðnum skaða, til dæmis að láta draga úr sér allar tennurnar, þá er hinn sami bundinn af samþykki sínu og getur ekki krafist tjónvaldinn um skaðabætur síðar.<sup>64</sup> Talið er að um áhættutöku sé að ræða þegar tjónþola hefur verið ljós sú áhætta sem hann tók en hefur samt lagt sig eða hagsmuni sína í hættu.<sup>65</sup>

Í dönskum rétti hefur varðandi réttaráhrif áhættutöku verið stuðst við *UfR 1948, bls. 181* en í því máli var fótboltamaður sýknaður af bótakröfu vegna tjóns sem hann olli öðrum leikmanni þrátt fyrir að hann hefði leikið ruddalega, með vísan til reglna um áhættutöku tjónþolans.<sup>66</sup> Það er ekki hægt að alhæfa um danska dómaframkvæmd að áhættutaka tjónþola leiði alltaf til sýknu. Danskir fræðimenn hafa síðustu áratugi hallast að því að takmarka beri bótarétt tjónþola í réttu hlutfalli við meðábyrgð hans í tjóninu.<sup>67</sup>

Helst hefur reynt á áhættutöku í íslenskum rétti í málum sem varða bótarétt farþega sem slasast í bifreið hjá ölvuðum öikumanni. Áhættutaka kemur einungis til álita þegar svo hagar

---

<sup>59</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 243.

<sup>60</sup> Arnljótur Björnsson: „Bótaskylda án sakar”, bls. 29.

<sup>61</sup> Sigurður Líndal: *Um lög og rétt*, bls. 168

<sup>62</sup> Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 124.

<sup>63</sup> Viðar Már Magnússon: *Skaðabótaréttur*, bls. 125.

<sup>64</sup> Stig Jørgensen og Jørgen Nørgaard: *Erstatningsret*, bls. 30 – 31.

<sup>65</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 127.

<sup>66</sup> Bo von Eyben og Helle Isager: *Lærebog i erstatningsret*, bls. 92.

<sup>67</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 130.

til að slys verður rakið til sakar ökumanns sem er ófær um að stjórna ökutæki vegna áhrifa áfengis.<sup>68</sup> Það er skilyrði þess að um áhættutöku geti verið að ræða að farþeginn hafi vitað eða mátt vita um ástand bílstjórans. Farþegi sem ekki gat vitað um ölvunarástand bílstjórans missir ekki bótarétt.<sup>69</sup>

Í *hrd. 1982, bls. 1990* hafði stefnandi fengið far heim af skemmtistað með ölvuðum félaganum sínum. Ökumaðurinn ók á kyrrstæða vöruflugningabifreið með þeim afleiðingum að hann lést og stefnandi slasaðis. Ekki var talið að stefnandi hafi vitað af ölvunarástandi ökumannsins og því var hann ekki talinn hafa fyrirgert rétti sínum til bóta.

Reglan um áhættutöku manns sem tekur sér far með ölvuðum ökumanni, styðst við ítrekuð dómafordæmi, þau elstu frá gildistíð umferðarlaga nr. 26/1958.<sup>70</sup>

*Hrd. 1969, bls. 180.* Tveir ungir menn slösuðust þegar bifreið þeirri sem þeir voru í var ekið á brúarstólpa. Í Forsendum héraðsdóms sem staðfestar voru í Hæstarétti segir meðal annars að stefnandi hafi vitað að stefndi hafði tekið þátt í vándrykkju nóttina fyrir slysið. Stefnandi hefði því mátt gera ráð fyrir að stefndi væri óhæfur til að aka bifreið árla morguninn eftir. Úr því að stefnandi settist af frjálsum vilja upp í bifreið stefnda við þessar aðstæður gerði hann það á eigin áhættu og hefur með því fyrirgert rétti sínum til bóta.

*Hrd. 1996, bls. 3120.* Í ók bifreið í átt að Kirkjubæjarklaustri en missti stjórn á henni með þeim afleiðingum að hún valt út af veginum. Í lést samstundis en farþegi í bílnum slasaðist. Orsök slyssins var rakin til óvarlegs aksturs I sem var ófær um að stjórna bifreiðinni vegna áfengisneyslu. Farþeginn hafði gefið I áfengi og taldist það með ólíkindum að ölvun I hefði getað dulist farþeganum. Í dómi Hæstaréttar segir meðal annars varðandi þetta að það verði að meta farþeganum það til stórfellds gáleysis að taka sér far með bifreiðinni og með þessu atferli hafi farþeginn sett sig í verulega hættu.

Með þessum dómi kom í fyrsta sinn til kasta Hæstaréttar að dæma um réttarstöðu aðila sem slasast sem farþegi í bifreið með ölvuðum ökumanni eftir að umferðarlög nr. 50/1987 öðluðust gildi.<sup>71</sup> Í forsendum Hæstaréttar var vitnað til margítrekaðra fordæma réttarins úr tíð eldri umferðarlaga. Einnig var bent á að greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1987 lét því ósvarað hvort breyta hefði átt reglum um áhættutöku sem dómstólar höfðu mótað. Hæstiréttur sagði enn fremur að hefði það verið ætlan löggjafans að breyta dómvenju hefði það þurft að koma skýrt fram í lögnum eða greinargerðinni. Samkvæmt þessu var 2.

---

<sup>68</sup> Arnljótur Björnsson: „Áhættutaka farþega í bifreið með ölvuðum ökumanni”, bls. 2.

<sup>69</sup> Arnljótur Björnsson: „Áhættutaka farþega í bifreið með ölvuðum ökumanni”, bls. 2.

<sup>70</sup> Skúli Magnússon: „Fordæmi Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins”, bls. 210 – 211.

<sup>71</sup> Arnljótur Björnsson: „Áhættutaka farþega í bifreið með ölvuðum ökumanni”, bls. 3.

mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987 skýrð þrengjandi lögskýringu með hliðsjón af margítrekuðum fordæmum réttarins í tíð eldri laga. Í dóminum er skýr dómvenja varðandi réttaráhrif áhættutöku látin ganga framur almennu og óljósu orðalagi laganna.<sup>72</sup> Dómvenja þessi var svo enn ítrekuð í *hrd. 1999, bls. 151, hrd. 1999, bls. 894* en í báðum þessum dómum var vísað til fordæmisins í *hrd. 1996, bls. 3120*.<sup>73</sup>

Hinn 25. október árið 2001 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti Íslands í máli sem varðaði líkamstjón ungrar stúlku sem tekið hafði sér far með ölvuðum ökumanni. Niðurstaða dómsins varð sú að ekki bæri lengur að leggja til grundvallar reglur skaðabótaréttar um áhættutöku í sambærilegum málum heldur ætti að byggja á mati á eigin sök tjónþola samanber 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.<sup>74</sup> Vikið var frá áratugalangri dómvenju með niðurstöðu Hæstaréttar sem skipaður var sjö dómurum að þessu sinni.<sup>75</sup>

Í forsendum Hæstaréttar er litið svo á að sá sem taki sér far með ölvuðum ökumanni geti ekki farið fram á bætur vegna tjóns er hann hlýtur vegna slyss sem verður af völdum bifreiðarinnar svo fremi sem tjónþoli hafi verið gransamur um ölvun ökumannins.<sup>76</sup> Er í þessu samhengi sérstaklega vísað til *hrd. 1996, bls. 3120*.

Hæstiréttur kannaði því næst hvort dómvenjan sem myndast hafði um áhættutöku á þessu sviði bryti í bága við tilskipanir Evrópusambandsins nr. 72/166/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að skýra bæri tilskipanirnar þannig að það væri á valdsviði aðildarríkja EES hvernig þau skipuðu skaðabótareglum um tjón sem verður vegna umferðar ökutækja.

Að framantöldu undanskildu er hægt að skipta rökstuðningi Hæstaréttar í málinu í fjóra liði:

1. Vísað er til þróunar skaðabótaréttar bæði á Íslandi og annars staðar.
2. Bent er á að horfið hafi verið frá reglum um áhættutöku í Danmörku og fleiri löndum sem byggja á sömu sjónarmiðum í skaðabótarétti og Ísland og að löggjöf þar hafi talsvert verið höfð til hliðsjónar hér á landi, þá sérstaklega dönsk.
3. Bent er á að aðdragandi þess að maður sest inn í bifreið með ölvuðum ökumanni geti verið mismunandi og eðlilegt sé að hvert tilvik verði metið fyrir sig.

---

<sup>72</sup> Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 140.

<sup>73</sup> Arnljótur Björnsson: „Áhættutaka farþega í bifreið með ölvuðum ökumanni”, bls. 4.

<sup>74</sup> Viðar Már Matthíasson: „Áhættutaka á undanhaldi?”, bls. 42.

<sup>75</sup> Sigurður Línal: *Um lög og rétt*, bls. 272 – 273.

<sup>76</sup> Viðar Már Matthíasson: „Áhættutaka á undanhaldi?”, 45.

4. Bent er á að fyrri niðurstöður dómstóla um niðurfellingu bóta vegna áhættutöku hafi byggt á almennum viðhorfum og kenningum í skaðabótarétti sem leitt hafi til bindandi dómvenju en ekki á lögfestri reglu.

Hér er því hægt að segja að þróun skaðabótaréttar, ný viðhorf og sanngirnisþónarmið hafi ráðið úrslitum um breytta dómaframkvæmd.<sup>77</sup> Í *hrd 2004, bls. 4261* fylgir Hæstiréttur breytingunni sem gerð var með *hrd. 2001, bls. 3451*<sup>78</sup> og ný dómvenja verður til.

## 5 Tjón

### 5.1 Inngangur

Í skaðabótarétti er fjallað um bætur fyrir tjón.<sup>79</sup> Hugtakið tjón má skilgreina svo að um sé að ræða skerðingu lögvarinna hagsmuna. Tjón getur falist í skemmd eða eyðileggingu á hlut, umráðasviptingu hlutar, ærumeiðingum, líkamstjóni, skerðingu viðskiptavildar og skerðingu á tekjumöguleikum rekstraraðila.<sup>80</sup> Reglur skaðabótaréttar taka einungis til tjóns sem verður af tilteknum orsökum. Það er oftast skilyrði bótaskyldu að um sé að ræða mannleg mistök eða yfirsjón, þ.e. sök, sem hafi valdið tjóni. Þegar maður hefur orðið fyrir tjóni kemur annað af tvennu til greina: að viðkomandi verði að bera tjónið sjálfur eða að hann geti krafist bóta af öðrum aðila. Hið fyrrnefnda er aðalreglan.<sup>81</sup>

Á það hefur verið bent af ýmsum fræðimönnum að nú sé svo komið fyrir skaðabótarétti að hann sé orðinn flóknari en flestar aðrar greinar einkamálaréttarfars.<sup>82</sup> Inntak tjónshugtaksins sjálfs virðist jafnvel stundum vefjast fyrir mönnum og að á hverju ári koma mál til kasta dómstóla þar sem ekki er um neitt tjón að ræða.

### 5.2 Inntak tjónshugtaksins

Ein af þeim spurningum sem vakna varðandi tjónshugtakið er sú hvort útgjöld verði að vera staðreynd svo að til skaðabótaábyrgðar geti komið. Er nægilegt að útgjöld séu fyrirsjáanleg eða skipta þau kannski engu máli varðandi bótakröfu?

---

<sup>77</sup> Sigurður Línal: *Um lög og rétt*, bls. 272-273.

<sup>78</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 190.

<sup>79</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 37.

<sup>80</sup> Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók*, bls. 438.

<sup>81</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 10. 1988.

<sup>82</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 35.



### 5.2.1 Skilyrðið um tjón

*Hrd. 2003, bls. 577.* Átta systkini átta jörðina K. G var eigandi að um það bil helmingshlut í jörðinni en Ó og hin systkinin sex átta tæplega helmingshlut í jörðinni. Frá því að faðir systkinanna lést hafði Ó nýtt jörðina undir búrekstur á vegum dánarbúsins. Síðar nýtti Ó að einhverju leyti mannvirki á jörðinni til búrekstrar á eigin vegum, að því er virtist með samþykki annarra systkina sinna en G. Á árunum 1996 og 1997 fékk hann jafnframt beingreiðslur vegna sauðfjárframleiðslu í skjóli greiðslumarks á jörðinni. Árið 2001 höfðaði G mál á hendur Ó til greiðslu skaðabóta vegna heimildarlausra afnota af eignarhluta sínum í jörðinni. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að G hafi engar líkur leitt að því að mögulegt hafi í raun verið að leigja jörðina og mannvirki á henni út til búrekstrar á umræddum tíma eða að unnt hafi verið að leigja út íbúðarhús á jörðinni. Í málinu var ekki talið nægilega fram komið í hvaða mæli Ó nýtti eignirnar sem málið snérist um og hvort þau afnot hafi komið í veg fyrir að aðrir gætu hagnýtt sér þær. Að öllu þessu athuguðu hafi G ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna notkunar Ó á eignunum. Einnig var talið að G hafi ekki tekist að sýna fram á að hann hafi nokkurn tímann lagt stund á sauðfjárþúskað á jörðinni. Hafi hann ekki sýnt fram á að nýting Ó á öllu greiðslumarki jarðarinnar til að fá beingreiðslur árin 1996 og 1997 hafi orðið sér til tjóns. Var Ó sýknaður af kröfu G.

Sá sem krefst skaðabóta þarf að færa sönnur fyrir nokkrum atriðum. Tjónþoli þarf að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, að tjónið hafi orðið vegna háttsemi sem sé skaðabótaskyld að lögum og að tjónið sé afleiðing þeirrar háttsemi.<sup>83</sup> Hér hefði mögulega verið um tjón að ræða í skilningi skaðabótaréttar ef G hefði t.d. getað sannað að hann hefði stundað sauðfjárþúskað á jörðinni og þar af leiðandi orðið af tekjum vegna nýtingu Ó á öllu greiðslumarki jarðarinnar til að fá beingreiðslur. G hefði mögulega getað höfðað mál á grundvelli ólögmætrar auðgunar en ef fara á fram á skaðabætur er algjört lykilatriði að sanna tjón.

*Hrd. 2002, bls. 4363 (277/2002).* T ehf. krafði Í um skaðabætur vegna kostnaðar sem það taldi sig hafa orðið fyrir vegna vinnu við að fá endurgreidda kröfu vegna ætlaðrar ólögmætrar gjaldtöku. Ekki lá fyrir að T ehf. hefði þurft að fá aðkeypta vinnu vegna þessara samskipta. Talið var að af framlögðum gögnum yrði ekki annað ráðið en að gagnaöflun T ehf. og bréfaskriftir hefðu verið eins og hver annar venjubundinn þáttur í starfsemi þess. Fyrirtæki sem þetta þyrfti jafnan að eiga samskipti við stjórnvöld, þar á meðal til þess að fá leiðréttingar sinna mála. Var T ehf. því ekki talið hafa sýnt fram á að hafa orðið fyrir tjóni í skilningi

---

<sup>83</sup> Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 120. 1988.

skaðabótaréttar og ekki leitt líkur að því að gjaldtakan hefði haft einhver sérstök áhrif á atvinnurekstur þess. Var í því sýknað af kröfum T ehf.

Af dóminum má ráða að mögulegt sé að halda því fram að niðurstaða málsins gæti hafa orðið önnur ef T ehf. hefði þurft eða fengið aðkeypta vinnu og greitt fyrir það og hefði getað sýnt fram á reikninga þess efnis í málinu.

### 5.2.2 Fyrirsjáanlegur kostnaður

Í hrd. 1999, bls. 637 var kröfu brotaþola sem orðið hafði fyrir líkamsárás um greiðslu bóta vegna tannlæknakostnaðar vísað frá dómi þar sem krafan byggði einungis á áætlun um fyrirsjáanlegan kostnað. Ef brotaþoli hefði verið búinn að láta framkvæma þá viðgerð sem nauðsynleg var og hefði getað framvísað reikningi því til staðfestingar hefði dómsúrskurður hugsanlega getað verið honum í hag.

Samkvæmt ofangreindum dómi virðist ekki nægjanlegt að kostnaður sé fyrirsjáanlegur til að dæmdar séu skaðabætur en í raun er það þó ekki skilyrði því ef fullgildar sönnur eru færðar fyrir fyrirsjáanlegum sjúkrakostnaði getur tjónþoli átt rétt á bótum (Hrd. 1992, bls. 2122 og hrd. nr. 35/2009).

### 5.2.3 Eignarnámsbætur eru ekki skaðabætur

Ef almannahagsmunir krefjast er hægt að fara fram á eignarnám og fyrir það skulu koma bætur.<sup>84</sup> Eignarnámsbætur falla þó ekki undir skaðabótarétt<sup>85</sup> og nauðsynlegt er að gera ljóst með skýrum hætti við málshöfðun hvors sé krafist.

Hrd. nr. 578/2008. Reykjavíkurborg og Rauðhóll höfðuðu mál á hendur Vegagerðinni til viðurkenningar á rétti þeirra til greiðslu skaðabóta úr hendi Vegagerðarinnar vegna lands sem skipað hafði verið veghelgunarsvæði vegna lagningu tveggja stofnbrauta með samþykktu deiliskipulagi og vísuðu til 45. og 46. gr. vegalaga nr. 45/1994, 72. gr. Stjórnarskrárinnar og almennra reglna fjármunaréttar.

Í dómi Hæstaréttar segir meðal annars að ekki verði betur séð af málatilbúnaði sóknaraðila en að fyrir þeim vaki að fá viðurkenningardóm um skyldu varnaraðila til að greiða þeim eignarnámsbætur og að það virðist mega ráða af málatilbúnaði þeirra að það skipti ekki máli hvort krafist sé eignarnámsbóta eða skaðabóta þar sem eignarnámsbætur séu ein tegund skaðabóta. Því fellst Hæstiréttur á niðurstöðu héraðsdóms um að málatilbúnaður sóknaraðila uppfylli ekki kröfur e. liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 og staðfestir frávísun héraðsdóms.

<sup>84</sup> Gaukur Jörundsson: *Eignaréttur I*, bls. 83.

<sup>85</sup> Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 535.

## 6 Lokaorð

Skaðabótaréttur sem sjálfstæð fræðigreinin er ekki nema um 150 ára. Fyrir þann tíma voru refsingar og bætur samofnar. Í raun er hægt að segja að á einhverjum tíma hafi hefnd verið bótin. Smám saman þróuðust refsingar og bætur hvort í sína áttina og úr urðu réttarsviðin refsiréttur og skaðabótaréttur. Á meðan refsiréttur er að mestu leyti festur í lög eru flestar meginreglur skaðabótaréttar enn ólögfestar. Það er hægt að halda því fram að reglur skaðabótaréttar hafi verið skapaðar af dómstólum. Því til stuðnings má benda á að meginreglur greinarinnar um bótagrundvöll, þ.e. sakarreglan og reglan um vinnuveitendaábyrgð, urðu að meginreglum við það að dómstólar fóru að beita þeim. Einnig hafa fræðimenn haft mikil áhrif á tilurð og þróun réttarsviðsins. Í því tilliti má nefna kenningar danska fræðimannsins Henry Ussing um það hvenær megi beita hlutlægum ábyrgðarreglum.

Samfélag manna hefur tekið sífellt örari breytingum og á síðari tímum hefur fjölbreytileikinn vaxið gríðarlega. Reglur skaðabótaréttar hafa í kjölfarið orðið flóknari og yfirgrípsmeiri þannig að réttarsviðið sem í grunninn byggir á frekar einföldum grundvallarreglum er orðið að völundarhúsi frá helvíti eins og Bill Dufwa orðar það svo skemmtilega.

Lítið af meginreglum skaðabótaréttar hefur verið fest í lög og hafa því fordæmi dómstóla mjög mikla þýðingu í skaðabótarétti. Þegar dómstólar hafa staðið frammi fyrir því að niðurstaða samkvæmt hinum viðurkenndu meginreglum yrði algerlega óviðunandi, ósanngjörn og óréttlát hafa þeir tekið sig til og annað hvort hnoðað til gamlar reglur þar til þær henta álitaefninu eða hreinlega skapað nýjar reglur. Sem dæmi um það má nefna niðurstöðu Hæstaréttar í *hrd. 1953, bls. 617* þar sem beitt var ólögfestri reglu um hlutlæga ábyrgð en einnig má færa rök fyrir því að Hæstiréttur hafi í málinu einungis slakað á sönnunarreglum. Í *hrd. 1968, bls. 1051* er alveg ljóst að Hæstiréttur beitir ólögfestri reglu um hlutlæga ábyrgð um málið. Tjónþoli hefði ekki átt rétt á skaðabótum ef meginreglum skaðabótaréttar hefði verið beitt óbreyttum á málið. Hægt er að segja að meðal annars hafi sanngirnissjónarmið ráðið niðurstöðu dómsins.

Í hinum svokölluðu áhættutökudómum (*hrd. 1996, bls. 3120*) var haldið fast við áratugalanga dómvenju byggða á fordæmum frekar en á nýju og óljósu lagaákvæði. Það má þó benda á að með sífellt meiri reglufestingu á hinum ýmsu sviðum, eins og t.d. varðandi aðbúnað og öryggi á vinustöðum, dregur úr þýðingu fordæma. Ef *hrd. 1953, bls. 617* eða líkt

álítaefni kæmi til dóms í dag væri til dæmis hægt að styðjast við reglugerð nr. 349/2004 varðandi sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum.

Með aukinni reglufestu innan skaðabótaréttar hefur ýmislegt sem áður var ákvarðað af dómstólum nú verið ákvarðað með settum réttarreglum. Þetta á til dæmis við um reglur um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón sem fyrir setningu skaðabótalaga nr. 50/1993 voru byggðar á venjum sem mótast höfðu á grundvelli fordæma.

Þótt undantekningarreglum sé ekki beitt aftur í dómaframkvæmd í mjög langan tíma þýðir það ekki að þeim verði aldrei beitt aftur. Þetta á til dæmis við um beitingu ólögfesta reglna um hlutlæga ábyrgð. Reglunni hefur ekki verið beitt í dómaframkvæmd síðan 1970. Í *hrd. 1993, 537* skilaði einn dómari séráliti og vildi að tjónþola yrðu dæmdar skaðabætur á grundvelli þess hve hættulegt starf hans var.

Ef meira væri um lögfestar reglur í skaðabótarétti má telja að auðveldara væri að leiða dómsmál til lykta. Erfiðara væri hins vegar að fara á svig við meginreglurnar og skapa nýjar sanngjarnari reglur. Það að reglurnar eru að miklu leyti ólögfestar gefur dómstólum tækifæri til að þróa þær og komast að réttlátum og haganlegum niðurstöðum sem sniðnar eru að síbreytilegu samfélagi.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

A. Vinding Kruse: *Erstatningsretten*. 5. Útgáfa. Kaupmannahöfn 1989.

Arnljótur Björnsson: „Áhættutaka farþega í bifreið með ölvuðum öikumanni”. *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur*, bls. 1 – 20.

Arnljótur Björnsson: „Bótaábyrgð heilbrigðisstétta og sjúkrastofnana”. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 1994, bls. 230 – 242.

Arnljótur Björnsson: „Bótaskylda án sakar”. *Tímarit lögfræðinga*, 1. tbl. 1984, bls. 6 – 36.

Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur. Kennslubók fyrir byrjendur*. 1. útgáfa. Reykjavík 1988.

Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur. Kennslubók fyrir byrjendur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Bo von Eyben og Helle Isager: *Lærebog i erstatningsret*. 6. útgáfa. Kaupmannahöfn 2007.

Einar Arnórsson: „Niðgjöld – Manngjöld”. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 1951, bls. 173 – 210.

Gaukur Jörundsson. *Eignaréttur I*. Handrit 1982 – 1983.

Geoffrey MacCormac: „Revenge and Compensation in Early Law”. *American Journal of Comparative Law*, 1. tbl. 1973, bls. 69 – 85.

Gizur Bergsteinsson: „Nokkur sjónarmið í skaðabótarétti” *Úlfjótur*, 2. tbl. 1963, bls. 87 – 108.

Jan Hellner og Svante Johannsson: *Skadeståndsrätt*. 6. útgáfa. Stokkhólmur 2002.

Lúðvík Ingvarsson: *Refsingar á Íslandi*. Reykjavík 1970.

*Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Nils Nygarad: *Skade og ansvar*. 5. Útgáfa. Osló 2000.

Páll Sigurðsson: *Brot úr réttarsögu*. Reykjavík 1971.

Sigurður Líndal: *Um lög og rétt*. Reykjavík 2007.

Skúli Magnússon: „Fordæmi Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins. Nokkur orð um dóm Hæstaréttar 25. október 2001”. *Úlfljótur*, 2. tbl. 2002.

Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar. Fimm ritgerðir í almennri lögfræði og réttarheimspeki*. Reykjavík 2003.

Stig Jørgensen: „The Decline and Fall of the Law of Torts”. *American Journal of Comparative Law*, 1. tbl. 1970, bls. 39 – 53.

Stig Jørgensen og Jørgen Nørgaard: *Erstatningsrett*. Kaupmannahöfn 1976.

*Stjórnartíðindi*.

Viðar Már Matthíasson: „Áhættutaka á undanhaldi? ”. *Úlfljótur*, 1. tbl. 2002.

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 1953, bls. 427.*

*Hrd. 1953, bls. 617.*

*Hrd. 1962, bls. 823.*

*Hrd. 1968, bls. 1051.*

*Hrd. 1969, bls. 180.*

*Hrd. 1970, bls. 434.*

*Hrd. 1970, bls. 544.*

*Hrd. 1973, bls. 435.*

*Hrd. 1977, bls. 1244.*

*Hrd. 1982, bls. 1990.*

*Hrd. 1987, bls. 755.*

*Hrd. 1992, bls. 2122.*

*Hrd. 1993, bls. 537.*

*Hrd. 1996, bls. 3120.*

*Hrd. 1999, bls. 151.*

*Hrd. 1999, bls. 637.*

*Hrd. 1999, bls. 894.*

*Hrd. 2000, bls. 3359(154/2000).*

*Hrd. 2001, bls. 3451 (129/2001).*

*Hrd. 2002, bls. 4363 (277/2002).*

*Hrd. 2003, bls. 577 (302/2002).*

*Hrd 2004, bls. 4261 (243/2004).*

*Hrd. 10. nóvember 2008 (578/2008).*

*Hrd. 8. október 2009 (35/2009).*

*Hrd. 25. febrúar 2010 (188/2009).*

### Danskir dómar:

*UfR 1948, bls. 181.*

### Norskir dómar:

*Rt. 1866 s. 735.*